

Í flestum tilfellum er um að ræða notendur sem hafa fengið samþykkaða umsókn, en nokkra daga getur tekið að skipuleggja þjónustuna, og koma henni af stað. Einstaklingur getur einnig verið tímabundið í þjónustu hjá endurhæfingarteymi, viðbragðsteymi eða hjá heimahjúkrun og er á meðan skráður í biðstöðu eftir félagslegri heimahljónustu þar sem óvíst er hvort viðkomandi þurfi áframhaldandi þjónustu eftir aðkomu teymanna. Á biðlista eru einnig skráðir notendur sem hafa tímabundið afþakkað þjónustu, t.d. vegna þess að þeir eru á sjúkrahúsi eða í hvíldarinnlögnum. Biðlistarnir endurspeglar því frekar að mál séu í vinnslu eða hlé hafi verið gert á þjónustunni en að um sé að ræða bið eftir því að fá þjónustu.

Heimahljúkrun

Enginn er á biðlista eftir heimahljúkrun í Vesturbyggð og Efri byggð. Í Miðbyggð er enginn biðlisti eftir þjónustu á virkum dögum. Alls 2 einstaklingar eru á biðlista eftir kvöld- og helgarþjónustu og 6 einstaklingar eru á biðlista eftir dagþjónustu um helgar. Skýringin er sú að tími starfsmanna er fullnýttur. Forgangsröðun fer fram reglulega og tekið er inn af biðlista um leið og hægt er. Ef um neyðartilfalli er að ræða t.d. í tengslum við útskriftir af Landspítala er tafarlaust brugðist við og þeim málum forgangsraðað í þjónustu.